



Reykjavík, 5. mars 2021

Efni: Umsögn SAF – Samtaka ferðaþjónustunnar um frumvarp um breytingu á stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum (forseti Íslands, ríkisstjórn, verkefni framkvæmdarvalds, umhverfisvernd, auðlindir náttúru Íslands og íslensk tunga), 466. mál.

Hinn 12. febrúar 2021 barst Samtökum ferðaþjónustunnar – SAF tölvupóstur þar sem óskað var eftir umsögn um frumvarp til breytinga á stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum. Með frumvarpinu eru m.a. gerðar tillögur að breytingum sem varða forseta Íslands, ríkisstjórn, verkefni framkvæmdarvaldsins, íslenska tungu, umhverfisvernd og auðlindir náttúru Íslands. Frumvarpið hefur verið yfirfarið á vettvangi SAF og vilja samtökin koma nokkrum athugasemdum á framfæri sem varða eingöngu umhverfisvernd og auðlindir náttúru Íslands.

## Almennt

Hinn 10. maí 2019 birti forsætisráðuneytið drög að stjórnarskrárákvæði um auðlindir náttúru Íslands og ákvæði um umhverfisvernd á samráðsgátt stjórnvalda. SAF skiluðu inn ítarlegri umsögn um málið á sínum tíma, dags. 30. júní 2019. Samtökin vilja meina að sú umsögn standist algjörlega tímans tönn og að þau sjónarmið sem þar koma fram eigi jafn vel við um breytingar sem lagðar eru fram í frumvarpinu nú. Umsögn þessi byggist að nær öllu leyti á þeirri umsögn.

Að því sögðu þá vilja samtökin minna á þá augljósu staðreynd að Stjórnarskrá Lýðveldisins er grundvallarlöggjöf og kjölfesta íslenskrar stjórnskipunar. Umræða um hana og breytingar á henni verður að vera hafin yfir skammtímaáherslur stjórnmalanna og þjóðfélagsins frá einum tíma til annars. Þegar kemur að því að breyta henni þá þarf að ná sem breiðastri sátt um málið, sérstaklega þegar setja á auðlindákvæði.

## Þjóðareign

Samhengis vegna og þar sem orðanotkun og orðalag stjórnarskrárákvæða er jafnan þrungið merkingu og til þess bært að hafa veruleg áhrif á fyrirtæki og íbúa landsins er við hæfi að hefja umfjöllunina á því að taka efnisákvæðið upp í heild sinni eins og það kemur fyrir í frumvarpinu.

## Náttúra Íslands

Náttúra Íslands er undirstaða lífs í landinu. Ábyrgð á vernd náttúru og umhverfis hvílir sameiginlega á öllum og skal verndin grundvallast á varúðar- og langtímasjónarmiðum með sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Stuðlað skal að því að fjölbreytni náttúrunnar sé viðhaldið og vöxtur lífríkis og viðgangur tryggður.

Allir eiga rétt til heilnæms umhverfis. Almennungi er heimil för um landið og dvöl þar í lögmætum tilgangi. Ganga skal vel um náttúruna og virða hagsmuni landeigenda og annarra réthafa. Mælt skal nánar fyrir í lögum um inntak og afmörkun almennaréttar.

Í lögum skal mælt fyrir um rétt almennings til upplýsinga um umhverfið og áhrif framkvæmda á það svo og til þátttöku í undirbúningi ákvarðana sem áhrif hafa á umhverfið.

## Auðlindir

Auðlindir náttúru Íslands tilheyra íslensku þjóðinni. Þær skal nýta á sjálfbæran hátt til hagsbóta landsmönnum öllum. Ríkið hefur eftirlit og umsjón með meðferð og nýtingu auðlindanna.

Náttúruauðlindir og landsréttindi sem ekki eru háð einkaeignarrétti eru þjóðareign. Enginn getur fengið þessi gæði eða réttindi tengd þeim til eignar eða varanlegra afnota. Handhafar löggjafarvalds og framkvæmdarvalds fara með forræði yfir þeim í umboði þjóðarinnar.

Veiting heimilda til nýtingar á náttúruauðlindum og landsréttindum sem eru í þjóðareign eða eigu íslenska ríkisins skal grundvallast á lögum og gæta skal jafnræðis og gagnsæis. Með lögum skal kveða á um gjaldtöku fyrir heimildir til nýtingar í ábataskyni.

Ítarleg umfjöllun er í frumvarpinu um hvort ákvæði fyrir sig. Á bls. 13 í frumvarpinu hefst kafli um *Umhverfisvernd*. Frumvarpið fer ágætlega yfir sögu og tilurð þessa ákvæðis og vísast sérstaklega til þeirrar umfjöllunar. Ákvæði um umhverfi er að finna í stjórnarskrám þriggja norðurlandanna, Noregs, Svíþjóðar og Finnlands. Á síðu 18 hefst svo kafli sem fer í meginefni þessa ákvæðis um náttúru Íslands.

SAF geta tekið undir það að náttúra Íslands er undirstaða lífs í landinu og almennt um gildi hennar eins og það kemur fram í frumvarpinu. Umfjöllun frumvarpsins er ágæt en einnig mætti taka markmiðin saman þannig að löggjafanum verði sett mörk er snúa að:

1. nýtingu auðlinda.
  - a. Hún byggist á sjálfbærri nýtingu
  - b. gjald verði tekið
2. ráðstöfun náttúruauðlinda
  - a. verði tímabundin/ekki varanleg
3. ráðstöfun réttinda yfir náttúruauðlindum
  - a. verði tímabundin/ekki varanleg

Ísland er frjálst og fullvalda ríki. Af fullveldisréttinum og ríkjandi stjórnarskipulagi leiðir að löggjafinn nýtur ríkra heimilda til íhlutunar í málefni einstaklinga og fyrirtækja. Þær heimildir takmarkast hins vegar m.a. af eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar og í því ljósi eru löggjafanum sett mörk þegar kemur að reglusetningu sem takmarkar ýmsa þætti eignarréttar, s.s. umráð, ráðstöfun, hagnýtingu o.fl. Auðlindaákvæðinu er augljóslega ætlað að veita löggjafanum ríkari möguleika til að ganga á eignarrétt og takmarka möguleika þess að eignarréttindi geti myndast. Ákvæðið er hins vegar þrengra en eignarréttarákvæðið þar sem það á í meginatriðum einungis að ná til auðlinda og landsréttinda sem ekki eru háð einkaeignarrétti. Af framangreindu leiðir að mörkin sem auðlindaákvæðið setur löggjafanum verða rýmri en mörkin sem eignarréttarákvæðið setur. Hins vegar inniheldur ákvæðið viðmið sem takmarka forráða- og ráðstöfunarmöguleika löggjafans þar sem honum ber að tryggja að nýting auðlinda grundvallist á sjálfbærri þróun, framsal gæða og réttinda verður að vera tímabundið og löggjafanum verður skylt að kveða á um gjaldtöku vegna nýtingar í ábataskyni.

Ef tekið er mið af þeim markmiðum sem legið hafa til grundvallar við gerð ákvæðisins er eðlilegt að spurt sé að hvaða leyti ákvæðið endurspegli markmiðin sem lágu til grundvallar og hvort í einhverju tilliti sé hugsanlega gengið lengra en þau gefa tilefni til? Að mati SAF er í þessu samhengi litið við ákvæði 1. mgr. að athuga. Hins vegar vakna spurningar þegar að 2. mgr. kemur. Skilningur samtakanna er að ákvæðum 2. mgr. sé ætlað að tryggja þjóðinni eignarrétt yfir náttúruauðlindum og landsréttindum. Hér verða álitamál sem tengjast möguleikum þjóðar til að vera eignaraðili látin liggja milli hluta. Hitt er annað mál að hugsunin virðist vera sú að í heilu lagi verði allir þættir eignarréttar eða möguleikar á að slá eign á náttúruyfyrirbæri færðir frá einstaklingum og lögaðilum. Forræðis- og ráðstöfunarréttur verður hins vegar framseldur í hendur Alþingis og til framkvæmdarvaldsins en aðrir mögulegir eignarréttarþættir skyldir eftir hjá þjóðinni að því er virðist. Að mati SAF endurspeglar þeir þættir sem verða framseldir Alþingi og framkvæmdarvaldi nokkuð vel ytri mörk þeirra markmiða sem frumvarpshöfundar hafa unnið samkvæmt, þ.e. mörk heimilda löggjafans til að skilgreina nýtingu og ráðstöfun auðlinda og réttinda yfir auðlindum. Í því ljósi er að mati SAF eðlilegt að velta því upp hvort heildstæð færsla eignarréttar yfir auðlindum og landsréttindum til þjóðarinnar sé í raun ekki óþörf, þ.e. hvort ekki hefði verið nóg að framselja forræðis- og ráðstöfunarrétt yfir auðlindum utan einkaeignarréttar til Alþingis og framkvæmdavalds með þeim takmörkunum sem leiða af markmiðum um sjálfbæra þróun, tímabindingu nýtingarréttar og sanngjarna hlutdeild í nýtingarábata. Væri sú leið farin verður ekki séð að nein þörf sé á skilgreiningu „þjóðareignarréttar“ þar sem stefnuyfirlýsing 1. mgr. gæti í raun gengt því hlutverki að endurspeglar hugmyndina um að tryggja að skammtímahagsmunir nýtingaraðilla samræmist langtímahagsmunum samfélagsins sem að mati samtakanna endurspeglar vel grunnhugmyndir manna um tilgang þjóðareignar.

Með þjóðareignarfyrirbærinu er verið að draga skurðpunkt þar sem eftir gildistöku frumvarpsins getur ekki orðið til „nýr“ einkaeignarréttur yfir auðlindum. Þeir sem njóta einkaeignarréttar yfir auðlindum við gildistöku munu verða í nokkurri forréttindastöðu líkt og handhafar aflahlutdeilda í fiskveiðistjórnkerfinu fyrir og eftir upptöku kvótakerfisins. Þeir sem hyggjast nýta auðlindir eftir gildistöku verða hins vegar háðir eigendum auðlinda eða nýtingarheimildum hins opinbera sem aðeins mega hafa gildi í takmarkaðan tíma. Hætt er við að með þessu verði staða manna ójöfn og eigendur auðlinda geti innleyst auðlindarentu. Þar fyrir utan getur tímabinding nýtingarheimilda skapað hvata fyrir handhafa tímabundinna nýtingarleyfa til þess að „fullnýta“ takmarkaða auðlind á gildistíma nýtingarleyfis.

## Auðlindanýting í ferðaþjónustu

Eðlilega er hugtakið *auðlind* allt umlykjandi í ákvæðinu og greinargerð frumvarpsdraganna. Af greinargerðinni verður ráðið að auðlindarhugtakinu sé ætlað að ná til allra náttúruauðlinda þó svo að meginefnið snúi að auðlindum sem ekki eru háðar einkaeignarrétti. Með öllum náttúruauðlindum er þannig átt við þær auðlindir sem Íslenska ríkið hefur fullveldisrétt til að nýta og stjórna á landi, innan landhelgi, efnahagslögsögu og á landgrunninu. Samkvæmt íslenskri orðabók merkir hugtakið *auðlind* náttúruauðæfi eða uppsprettu auðs og af umfjöllun greinargerðarinnar verður ráðið að auðlindahugtakinu er ætlað að vera afar víðtækt og ná m.a. til sólarljóss eða sólarorku og annarra auðlinda þó svo að ekki sé í hefðbundnum skilningi hægt að segja að einhver geti átt þær.

Helstu auðlindir eru nefndar kafla 4.2 og þar eru tekin dæmi um helstu auðlindir sem munu teljast til náttúruauðlinda og landsréttinda, þ.e. þjóðlendur, þ.m.t. veiðaréttur, auðlindir í jörðu og réttindi yfir yfirborðsvatni, auðlindir hafsbotnsins, kolvetni í landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunni Íslands, nytjastofnar á Íslandsmiðum, réttur til nýtingar skóga, beitaréttur, réttindi til tinslu ýmiskonar gróðurs, fjarskiptatíðnir, sjávarföll, vindur, ljós og jafnvel sk. erfðaauðlindir. Ytri mörk auðlindahugtaksins afmarkast annars vegar af tengingunni við náttúruna og hins vegar af takmörkum fullveldisréttar, þ.e. auðlind getur ekki talist falla undir ákvæðið nema ríkið hafi tök á að hafa áhrif á nýtingu þeirra. Auðlindir sem falla undir ákvæðið munu með öðrum orðum verða skilgreindar af hinu opinbera t.d. með setningu reglna um nýtingu og því munu geta og vilji þess til að fanga nýtingu með reglusetningu að miklu leyti ráða því hvort náttúrfyrirbærið auðlind geti fallið undir ákvæðið.

Þegar horft er til athugasemda við frumvarpið verður hins vegar ráðið að auðlindarhugtakið virðist eiga að ráðast af gildi sem ekki er aðeins fjárhagslegt heldur t.d. fagurfræðilegt. Með því virðist gengið lengra en hefðbundin merking hugtaksins *auðlind* gefur tilefni til. Í framangreindu samhengi má segja að auðlindahugtakið verði nokkuð afsleppt og að einhverju leyti bjóða upp á að vafamál skapist um hvort nýting náttúruafyrirbæra teljist auðlindanýting og eigi því að grundvallast á sjálfbærri þróun og að hvaða leyti. Þá kann að vera að einhver álitamál kunni að skapast þegar nýting tveggja eða fleiri náttúruafyrirbæra skarast og að því kemur að ákvarða hvað er nýtt og eftir atvikum í hvaða mæli.

Í 2. og 3. mgr. ákvæðisins er gildissviðið útvíkkað umfram auðlindaskilgreiningu 1. mgr., þ.e. það nær til náttúruauðlinda og landsréttinda sem jafnframt eru sameiginlega nefnd *gæði*. Hugtakið *gæði* hefur almennt þá merkingu að vera hnoss eða hlunnindi, þ.e. dýrgripir eða dýrmæti eða tiltekin réttindi eða hagræði (sem aðrir hafa ekki). Í málsgreinunum er fjallað um eignarrétt og hann tengdur verðmæti (e. value) sem eðlilega endurspeglar auðlindahugtakið en er þó þrengra en auðlindaákvæði 1. mgr. að því leyti að gildi auðlindarinnar virðist eingöngu eiga að vera fjárhagslegt. Með ákvæðunum er eignarréttur náttúruauðlinda og landsréttinda skilgreindur í grundvallaratriðum. Þar sem ákvæði 1. málsl. 1. mgr. virðist ætlað að gegna hlutverki stefnuýfirlýsingar, þ.e. þeirrar hugmyndar að náttúruauðlindir Íslands séu gæði sem þjóðin öll hefur ríkulega hagsmuni af og séu í þeim skilningi sameiginleg verðmæti landsmanna, þarf væntanlega einkum að líta til ákvæða 2. og 3. mgr. í því skyni að átta sig á lagalegum áhrifum á möguleika til nýtingar *gæða*.

Óhætt er að segja að í greinargerð frumvarpsdraganna er nokkuð greinilega gert ráð fyrir því að ferðaþjónustuaðilar nýti auðlindir sem auðlindaákvæðinu er ætlað að ná til. Þannig er í upphafi 4.5. kafla um mat á áhrifum vísað til þess að ferðaþjónusta byggist á auðlindum og fjallað um aðgang ferðamanna og nýtingu landsvæða í ferðaþjónustu m.t.t. almannaréttar og umhverfisverndarákvæðisins. Þá segir:

Ekki er litið svo á að almannarétturinn komi í veg fyrir að settar verði reglur t.d. um nýtingu ferðaþjónustuaðila í ábataskyni á þjóðlendum eða öðru landi ríkisins sem fellur undir frumvarpsgreinina. Slíkar reglur gætu til dæmis falið í sér að afla þyrfti heimildar til nýtingarinnar. Við veitingu heimildanna þyrfti þá að gæta ákvæða 3. mgr. frumvarpsgreinarinnar um gjaldtöku og 2. mgr. um að afnotin séu ekki varanleg, en af því leiðir að þau þurfa að vera tímabundin eða uppsegjanleg.

Verði frumvarpið að lögum þarf sem sagt mögulega að endurskoða löggjöf þannig að ferðaþjónustufyrirtæki sem rekin eru í hagnaðarskyni greiði fyrir að fara með ferðamenn um þjóðlendur eða ríkisjarðir, að minnsta kosti að því marki sem þar er að finna náttúruperlur sem ferðaþjónustan „gerir út á“. Það er þó háð því að tekin séu upp leyfi til slíkra ferða og aðgangur þannig takmarkaður.

Af framangreindum orðum leiðir að réttur almennings til farar á og yfir land og láð, mögulega þegar með fylgir áhorf, myndataka, upplifun o.fl. sem einkennir ferðamannahegðun, geri það að verkum að náttúrufyrirbæri geti talist í nýtingu sem auðlind. Í framhaldinu segir einnig:

Ýmis dæmi eru um það í íslenskri löggjöf að gerður sé greinarmunur á heimildum almennings til að nýta náttúrugæði til eigin nota og heimildum til að nýta slík gæði í atvinnuskyni. Segja má að fiskveiðistjórnarkerfið byggist á þessari aðgreiningu. Fiskveiðar í atvinnuskyni eru háðar veiðileyfi og eftir atvikum úthlutun aflaheimilda, sbr. 4. og 8. gr. fiskveiðistjórnarlaga. Skv. 6. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 66/2009, er almenningi heimilt án sérstaks leyfis að stunda fiskveiðar í frístundum til eigin neyslu. Hér má bæta því við að samkvæmt sömu grein þurfa ferðaþjónustuaðilar aftur á móti sérstakt leyfi til að reka bát til fristundaveiða og lúta veiðarnar tilteknum skilyrðum. Í 27. gr. náttúruverndarlaga, nr. 60/2013, er sérstakt ákvæði um tínslu jarðar- og fjörugróðurs í atvinnuskyni. Þar segir að ráðherra sé heimilt að setja í reglugerð ákvæði um tínslu berja, sveppa, fjallagrasa, jurta og fjörugróðurs í atvinnuskyni, m.a. reglur um sjálfbæra nýtingu, og að tilkynna skuli Náttúrufræðistofnun Íslands um magn og tegund þess sem tínt er og tínslustað. Umhverfisstofnun er heimilt að banna eða takmarka tínslu einstakra tegunda eða tínslu á afmörkuðum svæðum ef það er nauðsynlegt vegna verndunar einstakra tegunda eða til að koma í veg fyrir ofnýtingu svæða.

Af framangreindu leiðir að ferðamennska geti aðeins talist til auðlindanýtingar að hún eigi sér stað í atvinnuskyni, þ.e. að hún sé ekki starfrækt „til einkaferðanota“ heldur til í þágu annarra ferðamanna. Þannig verður almannaréttur að auðlind þegar hann er nýttur í atvinnuskyni. Af umfjölluninni verður einnig ráðið að undir þeim kringumstæðum eigi auðlindaákvæðið að virkjast og löggjafanum verði skylt að tryggja að nýtingin verði í samræmi við sjónarmið um sjálfbæra þróun, reisa umgjörð um nýtingarheimildir og tryggja gjaldtöku.

Rétt er að taka fram að SAF gera engar athugasemdir við ákvæði 2. málsli. 1. mgr. um sjálfbæra þróun enda rímar sú áhersla mjög vel við áherslur í starfi samtakanna. Í því ljósi kann m.a. að reynast nauðsynlegt að takmarka aðgang að náttúrufyrirbærum eða setja um hann nýtingarreglur í nýtingarheimildum í ljósi umhverfisverndarsjónarmiða. Nánari afmörkun auðlindarnýtingarinnar sjálfrar gæti hins vegar orðið erfitt viðfangsefni þar sem afurð hennar er bæði haldlítill og erfið í mælingu.

## Gjaldtaka

Þegar að gjaldtöku vegna auðlindanýtingar í ferðapjónustu kemur vandast málið nokkuð. Í frumvarpinu segir m.a.:

Þegar nýting er ekki í ábataskyni er löggjafanum í sjálfsvald sett hvort krafist sé gjalds. Það á t.d. við þegar um er að ræða samfélagsleg verkefni sem rekin eru af opinberum aðilum þar sem arður rennur til samfélagsins í formi þjónustu, svo sem vatns- og hitaveitur.

Sum ferðapjónusta á hálendinu, eins og á vegum útivistarfélaganna sem ekki eru rekin í ábataskyni, getur einnig talist þjónusta við samfélagið. Stjórnarskrárákvæðið sem lagt er til er hlutlaust gagnvart því hvort ákveðið sé með lögum að taka gjald af slíkri starfsemi eður ei.

Af framangreindu leiðir að löggjafanum verður skylt að taka gjald af auðlindanýtingu í ferðapjónustu sem á sér stað í ábataskyni en verði frjálst að taka gjald í ferðapjónustu sem er rekinn á grundvelli annarskonar hagsmuna. Þar með er ekki gert ráð fyrir að taka auðlindagjalds eigi að stjórna eða takmarka t.d. umferð um náttúrufyrirbæri heldur eigi sú stýring aðeins að koma fram í nýtingarheimildum. Í ljósi þess að gildi auðlinda á bæði að vera fjárhagslegt og fagurfræðilegt má velta fyrir sér hversu málefnalegt það getur talist að veita löggjafanum fullt frelsi til gjaldtöku af ferðapjónustu sem ekki er rekinn í hagnaðarskyni og jafnframt hvort því megi ekki mæta með því að tryggja ferðapjónustufyrirtækjum forgang til nýtingar.

Með fyrirætlun 2. másl. 3. mgr. verður gjaldtaka fyrir nýtingarheimildir auðlinda sem eru í eigu íslenska ríkisins eða þjóðareign áskilin þegar nýting fer fram í ábataskyni. Er þar vísað til nýtingar í atvinnuskyni með hagnað og arðsemi að leiðarljósi. Hugsunin sem býr að baki er sú að þeir sem njóta þess að hafa heimildir til að nýta í hagnaðarskyni takmörkuð sameiginleg gæði, sem ekki eru aðgengileg öllum, þurfi að greiða fyrir þau afnot. Að meginstofni myndu slík gjöld renna í ríkissjóð en þó má nefna að sveitarfélög geta einnig notið góðs af, sbr. ákvæði þjóðlendulaga varðandi tiltekna nýtingu. Ákvörðun um fyrirkomulag gjaldtöku er falin löggjafanum en það getur verið með ýmsum hætti eftir því sem hentar eðli hverrar auðlindar eins og endurspeglast í gildandi löggjöf og lagaframkvæmd. Ríkið getur ýmist ákveðið gjald fyrir auðlindanýtingu fyrir fram eða látið það ráðast í samningum, svo sem í kjölfar valferlis eða útboðs, sbr. t.d. nýlega samninga um vikurnám innan þjóðlendu. Sérstakir skattar á tekjur af auðlindanýtingu geta verið ein leið til að fullnægja áskilnaði ákvæðisins um gjaldtöku fyrir heimildir til nýtingar í ábataskyni. Gjaldtaka í formi skattgreiðslu þarf að samrýmast 40. og 77. gr. stjórnarskrárinnar og því verður ákvörðunarvald um hana ekki framselt framkvæmdarvaldshöfum. Hægt væri að áskilja ríkinu tiltekið hlutfall af svonefndri auðlindarentu, þ.e. þeim hagnaði sem nýting viðkomandi auðlindar skapar umfram eðlilega ávöxtun þeirra fjármuna sem bundnir eru við nýtinguna að teknu tilliti til áhættu. Þá væri hægt að miða gjald við tiltekið hlutfall af tekjum afnotahafa, eins og nýlegir samningar ríkisins um nýtingarheimildir vatnsafls bera vott um. Með lögum væri hægt að gera ráð fyrir gjaldskrá með föstu gjaldi eða föstu hlutfalli af verðmæti réttinda, eins og tíðkast í lóðarleigusamningum.

Löggjafanum er veitt svigrúm til að ákveða hversu hátt gjaldið skuli vera í þeim tilvikum þegar það er lögákveðið. Við mat á þessu er löggjafinn þó bundinn af stefnumiðum 1. mgr. um sjálfbæra nýtingu sem séu til hagsbóta landsmönnum öllum, en í síðara stefnumiðinu felst m.a. að eigandi þessara gæða, þjóðin eða ríkið, skuli njóta eðlilegs arðs af eign sinni. Þetta á einnig við um stjórnvöld þegar þeim er falið að semja um endurgjald fyrir nýtingu auðlinda eða landsréttinda í þjóðareign eða í eigu ríkisins.

Þegar veitt er heimild til nýtingar sem er ekki í ábataskyni er löggjafanum frjálst að ákveða hvort gjald skuli tekið eða ekki. Sem dæmi mætti taka samfélagsleg verkefni sem rekin eru af opinberum aðilum þar sem arður rennur til samfélagsins í formi þjónustu, svo sem vatns- og hitaveitur.

Ákvæði 3. mgr. kveður ekki á um gjaldtöku vegna leyfa til nýtingar auðlinda í einkaeigu. Með hliðsjón af yfirlýsingunni í 1. másl. 1. mgr. getur slík gjaldtaka hins vegar komið til greina þótt hún verði einnig að samrýmast ákvæðum stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarréttar og kröfum til skattlagningar. Á slík gjaldtaka sér nú þegar að nokkru marki stað

að lögum og er í því sambandi nærtækt í dæmaskyni að vísa til þeirra leyfa sem gefin eru út til rannsókna og nýtingar jarðrænna auðlinda, m.a. í eignarlöndum, á grundvelli auðlindalaga. Slík gjaldtaka er fyrst og fremst hugsuð sem gjald fyrir umsýslu ríkisins en er ekki endurgjald fyrir aðgang að auðlind. Þá ber að hafa í huga að ýmis nýting auðlinda í eignarlöndum fer fram án nokkurra leyfa.

Að mati SAF er þó jákvætt að miða eigi við eðlilegan arð af eign líkt og fram kemur í frumvarpinu. Af fenginni reynslu má þó gera ráð fyrir miklar umræður um hvað telst eðlilegur arður og skilgreining á því hugtaki. Að mati SAF er afar mikilvægt að slík skilgreining taki ekki einungis mið af efnahagsveiflum í greininni og íslensku hagkerfi, þ.e. að mikil arðsemi á tilteknu tímabili verði ekki tekin af fyrirtækjum í greininni og hún látin sitja uppi með slaka, enga eða neikvæða arðsemi á öðrum tímabilum. Samtökin telja að heppilegra væri að slík umfjöllum og greining lægi betur fyrir.

Samtökin áskilja sér rétt að koma með frekari ábendingar eða athugasemdir á síðari stigum.

*Virðingarfyllst*

*F.h. Samtaka ferðapjónustunnar*

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Baldur Sigmundsson', written in a cursive style.

*Baldur Sigmundsson, lögfræðingur*